



*Alþingi  
Erindi nr. P 133/283  
komudagur 24.11.2006*

24. nóvember 2006  
SI-31126

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 9. nóvember 2006 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um lífeyrissjóði, 233. mál, lágmarksíðgjald og breytingar á samþykktum sjóða.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemd við þann hluta frumvarpsins sem felur í sér hækjun á lágmarksíðgjaldi. Hin breytingin sem í frumvarpinu felst varðar 54. gr. laganna og er henni ætlað að eyða þversögn sem felst í lögunum eins og þau eru nú. Með öðrum orðum er um að ræða tiltekt í því skyni að leysa óvissu eins og segir í athugasemnum við frumvarpið. Þegar 39., 51., og 54. gr. laganna eru lesnar saman virðist sem tilteknum lífeyrissjóðum beri að halda sig innan þeirra marka sem sett eru í 2. mgr. 39 gr. Fari þeir út fyrir þau sé þeim hins vegar óheimilt að breyta samþykktum sínum þar sem slíkt stangist á við ákvæði 54. gr. laganna. Þessum sjóðum sé með öðrum orðum óheimilt að skerða réttindi þrátt fyrir að mismunur eigna og skuld-bindinga sé meiri en heimilt er skv. 2. mgr. 39. gr.

Bent skal á að orðalag 54. gr. breyttist í meðfórum Alþingis á sínum tíma. Við texta frumvarpsins bættust orðin „eða naut slikrar ábyrgðar 31. desember 1997”. Á þessu er vakin athygli hér m.a. vegna þess að ekki er ljóst hvað nákvæmlega vakti fyrir löggjafanum á sínum tíma með því að breyta orðalagi 54. gr. Hafi markmiðið verið að tryggja réttindi sjóðfélaga í þeim lífeyrissjóðum sem ákvæði 54. gr. tekur til gegn skerðingu felst í breytingartillöggunni nú annað og meira en tiltekt í lagatextanum. Fjármálaráðuneytið hefur túlkað ákvæði laganna svo að lífeyrissjóði sem 54. gr. tekur til sé ekki heimilt að skerða réttindi sjóðfélaga jafnvel þótt ákvæði 39. gr. laganna gefi tilefni til slíks. Rétt og skylt er að taka fram að lífeyrissjóður starfsmanna Seðlabankans, þ.e. Lifeyrissjóður bankamanna, er einn þeirra sjóða sem 54. gr. laganna tekur til.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Davíð Oddsson  
formaður bankastjórnar

  
Eiríkur Guðnason  
bankastjóri

S E Ð L A B A N K I Í S L A N D S

K A L K O F N S V E G I 1 · 1 5 0 R E Y K J A V Í K  
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605